Auglysing.

§. 1.

Island er lauft og lidugt frá Dannerkur Ríkisrádum.

§. 2.

Öll Yfirvold Kongs, peir sem eru innfæddir Islendskir, og vilja vera trúir sínu Fodurlandi, samt afleggja Eid uppá pad, ad uppfylla sína Embættis Skyldu, skulu fullvissast um peirra fullu Laun og Betaling.

§. 3.

Sérhvorr innfæddur íslendskur Embættismadur, sá er hagar sér skickanlega, skal haldast í Heidri.

§. 4.

Allar Pensionir til Eckna, Barna og frá Embættum frígéfinna Embættismanna, skulu útbetalast.

§. 5.

Yfirvoldin í sérhvorju Amti og Bygdarlagi skulu sorga fyrir ad útvelja dugandis og skynsamann Mann, sem ber Skynbragd á Landsins Asigkomulag, og sem skal vera Formadur fyrir sínu egin Bygdarlagi. Öll Log og Tilskipanir skulu koma frá pessum Bygdarlaga Formonnum. Pessa Menn skal Landid fæda, og allt skal vera uppá eins Máta, og ádur enn Landid var undir Norvegs Kongum.

§. 6.

Sérhvor Yfirvaldsperssóna, sem má standa í sínu Embætti, skal géfa mér skriflega til kynna, ad hann vilji vera vid sína Sýslun, og skal petta Bréf vera komid, nær 14 Dagar lída, frá nærliggjandi Sveitum, og 7 Vikur frá fjærstu Plátsum, utan svo sé, ad Vedur og Landsvegir skyldu orsaka logmæta Hindrun, og skal pá Orsokina nefna, hvarfyrir á pessu hefir Brestur ordid. Vilji einn edur annar ecki vera vid sitt Embætti, parf hann eda peir ecki vænta nockrar Hjálpar af Stjórnarrádinu, og verdur pá annar Embættismadur settur í hans Stad.

§. 7.

Engvir, nema innfæddir Islendskir skulu setjast til Logsogudæmis, og vera Forgángsmenn Landsmanna sinna.

§. 8.

Island hefir sitt egid Flagg.

§. 9.

Island hefir Frid um alla Verold, og Fridur skal grundvallast á fostum Fæti vid England, sem vill láta Island njóta sinnar Varatektar.

§. 10.

Island skal setjast í ordulegt Varnarstand.

§. 11.

Öll Hospitol og Skólavæsenid skulu reglulegar innréttast.

§. 12.

Allar Skuldir, sem svarast egu, annadhvort til peirrar fyrrverandi donsku Ríkisstjórnar, ellegar til peirra Faktóra, sem hafa Vidskipti vid donsk Hondlunarhús, og sem mogulega heimsendast kynnu til Dannerkur, megu ecki borgast; en sérhvorr er frí frá svoddan Gjaldi, svovel til Kongs, sem pesshättar Kaupmanns; en skyldi einhvorr parámóti borga nockud af Skuld sinni til hvílkra, pá skal hann neydast til ad bæta alla Skuldina til núverandi Stjórnarráds.

§. 13.

Kornvorur megu engannvegínn seljast med svo háu Verdi, sem nú gengur, en Verd peirra skal falla.

§. 14.

Allir Islendskir frígéfast fyrir Helftinni af ollum peirra Skottum til 1ta Júlii 1810.

§. 15.

Islendskum leyfist hindrunarlauft ad reisa fram og aptur, og kaupslaga í Landinu eptir egínn Pótta, med hvorjum sem sýnist, pó ecki heim, sem verdsla fyrir Danska.

§. 16.

Allir verulegir Embættismenn og Persónur, skulu sækja Betaling til mín, og afgjora adrar Sakir vid mig, partil Islendskir senda peirra eginn Forstodumenn.

§. 17.

Enginn Islendskur má dæmast eda straffast, pó ad Forstodumenn séu samankomnir, án pess 12 Menn hafi ádur sagt, ad Straffid væri ad Maklegleikum.

§. 18.

Öll Yfirvold í Landinu, hvor helst sem eru, skulu bera Umsorgun fyrir, ad hindra allt Samnvæmi med donskum Skipum, hvadan sem pau svo koma, svo ega pau og ad géfa inn Lista til mín, hvad mikla Kornvoru medpursi til sérhvers Distrikts, svo hún verdi flutt fyrir Vetrartímann. Sú Rádstafan skal sé, ad Landid sé byrgt fyrir 1 Ar fyrifram af Kornvorum.

§. 19.

Ad sonnu eru Islendskum géfin framanskrifud Frelsi, pó ad vidlogdu Straffi, ef peir gjora á Hluta nockurs dansks Manns, sem hefir haft Embætti Kongs á Hendi, líka svo pess, sem hefir haft Vidskipti vid donsk Verdslunarhús, ef peir ecki annars dreifa sér vid Almennings Sakir.

§. 20.

Forstodu-monnunum skiptist pannig: í Sudur-Amtinu 3, í Austur-Amtinu 1, Nordur-Amtinu 2, og Vestur-Amtinu 2.

Reykjavík, þann 26ta Junii 1809.

Jörgen Jörgensen.

J. J.